Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 2. nóvember 2026
MSS26100075

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 20.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Vinstrisins um eflingu skólahljómsveita

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstrisins:

> Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjölga nemendum í skólahljómsveitum Reykjavíkur og vísi tillögunni til skóla- og frístundasviðs þar sem hún verði útfærð og kostnaðarmetin í samstarfi við skólastjórnendur skólahljómsveitanna. Fyrirkomulag fjölgunar verði í höndum skólastjórnenda skólahljómsveita og skóla- og frístundasviðs og að lokum verði tillagan kynnt í skóla- og frístundaráði og borgarráði. Gert er ráð fyrir að fjölgun nemenda í skólahljómsveitum taki gildi árið 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

> Skólahljómsveitir gegna mikilvægu hlutverki við að jafna aðgengi barna að tónlistarnámi og mikil aðsókn endurspeglar vel gildi starfsins. Nemendum hefur fjölgað og börnum á biðlistum fækkað frá fyrra ári, sem er ánægjuleg þróun. Eftirspurn er þó enn umfram framboð og áætlað er að tæpar 300 milljónir króna þurfi til að mæta henni að fullu ofan á þær tæpu 500 milljónir sem rekstur skólahljómsveita kostar nú. Á sama tíma stendur Reykjavíkurborg frammi fyrir því verkefni að ná betri tökum á rekstrinum og ráðast í nauðsynlega hagræðingu. Því þarf að skoða frekari fjölgun nemendaplássa í skólahljómsveitum í samhengi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og heildarforgangsröðun fjármuna, með það að markmiði að efla starfið og bæta aðgengi barna að tónlistarnámi eftir því sem fjárhagslegt svigrúm leyfir.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

> Skólahljómsveitir borgarinnar gegna mjög mikilvægu hlutverki í tónlistarnámi barna í Reykjavík og hafa gert um árabil. Þær eru fjórar talsins og undanfarinn áratug hefur tekist að fjölga nemendum í sveitunum um 144 til að mæta mikilli eftirspurn barnafjölskyldna í borginni. Mörg börn bíða eftir að komast að í skólahljómsveit enda frábært starf sem þar er unnið. Gjaldtakan er hófleg en önnin í skólahljómsveitunum kostar innan við 20 þúsund krónur. Skólahljómsveitirnar stuðla að jöfnuði og auka

aðgengi barna og ungmenna að tónlistarnámi óháð efnahag foreldra og því styðja fulltrúar Samfylkingarinnar tillöguna enda bíður fjöldi barna eftir því að komast í skólahljómsveit í borginni.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Ísland leggur fram svohljóðandi bókun:

Skólahljómsveitir Reykjavíkur bjóða börnum upp á tækifæri til tónlistarnáms með lágum fjárhagslegum þröskuldi. Skólahljómsveitir eru því mikilvægar til að auka tækifæri barna til tónlistarnáms óháð fjárhag ásamt því að efla félagslega þátttöku. Í dag eru 590 nemendur sem stunda nám í skólahljómsveitum en eftirspurnin er mun meiri. Haustið 2026 voru 345 nemendur á biðlista og því tímabært að endurmeta fyrirkomulag skólahljómsveita, hvort hægt sé að fjölga nemendum í hverri skólahljómsveit eða hvort æskilegt sé að stofna fleiri skólahljómsveitir.

Helga Björk Laxdal
e.u.